



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15.03.2017
Tilvísun vor: M-2017-114 / 00.11

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti, 146. mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti, 146. mál.

Landsvirkjun hefur kynnt sér tillöguna og lýsir stuðningi við hana og hvetur Alþingi til að veita málinu brautargengi. Brýnt er að stjórnvöld vinni eftir skýrri stefnu sem stuðli að því að auka hlut innlendra orkulinda í orkubúskapnum, einkum í samgöngum og fiskveiðum, til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Mannkyninu er mikil ógn af loftslagsbreytingum vegna losunar gróðurhúsalofttegunda og tekið er undir að vinna þurfi markvisst að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Á undanförnum áratugum hefur verið unnið markvisst að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis til orkuvinnslu hér á landi með því auka nýtingu vatnsorku og jarðvarma. Nú sjá þessar orkulindir landsmönnum fyrir nánast allri staðbundinni orkuþörf í landinu. Orkuskipti í samgöngum er rökrétt framhald.

Á alþjóðavettvangi er unnið að fjölmörgum verkefnum sem lúta að orkuskiptum, ekki síst í samgöngum bæði á landi, á sjó og í flugi. Mikilvægt er að á Íslandi sé fylgst með þessum verkefnum og þeim tækifærum sem þau gefa til að nýta innlenda orku í enn ríkari mæli til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Losun vegna samgangna á landi og sjó er utan viðskiptakerfis ESB sem Ísland tekur þátt í en gera verður ráð fyrir að Ísland þurfi að draga úr losun sem fellur utan viðskiptakerfisins um sem nemur 35 – 40% til ársins 2030. Flugsamgöngur falla hins vegar undir viðskiptakerfið.

Landsvirkjun telur að þau leiðarljós sem aðgerðaráætlunin byggir á séu skynsamleg:

1. *Markmið* um 40% hlut endurnýjanlegrar orku í samgöngum á landi og um 10% fyrir haftengda starfsemi kalla á að aðgerðaráætlun sem njóti víðtæks stuðnings í samfélaginu verði hrundið af stað.
2. Landsvirkjun tekur undir að mikilvægt sé að beita *hagrænum hvötum* til að stuðla að orkuskiptum. Stefna þarf að liggja fyrir um hvaða hvatar, t.d. skattaívilnanir, standa til boða og til hve langs tíma. Þetta skiptir í senn miklu fyrir þau sem vilja nýta sér hvatana og þá aðila sem þurfa að byggja upp nauðsynlega innviði. Tímamörk á hagrænum hvötum þurfa einnig að taka mið af raunverulegri þróun til að tryggja það að ívilnanir verði ekki afnumdar of snemma, meðan enn er þörf fyrir þær. Verja þarf miklum fjármunum til uppbyggingar innviða á næstu misserum og árum svo að af orkuskiptum geti orðið. Landsvirkjun bendir á að mikilvægt er að búið verði svo um hnútana að aðgerðir þurfi ekki á árlegum framlögum úr ríkissjóði að halda þegar litið er til langs tíma.



3. *Innviðirnir* þurfa einnig umtalsvert landrými. Líklegt er að breyta þurfi skipulagi í mörgum sveitarfélögum til að tryggja framgang uppbyggingarinnar. Mikið rafmagn, bæði afl og orku, þarf til að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir raforku. Í kafla 5.3 í greinargerð með tillögunni kemur fram að ef allar samgöngur á landi, fiskimjölsværksmiðjur, iðnaður og hafnir verði rafknúnar sé aflþörfin að hámarki 880 MW, til samanburðar er afl Fljótsdalsstöðvar 690 MW. Að sjálfsögðu þarf að tryggja að flutnings- og dreifikerfi raforku séu í stakk búin til að af orkuskiptum geti orðið. Það er því brýnt að fyrir liggi stefna stjórnvalda sem stofnanir ríkisins og aðrir sem að málinu koma vinni eftir. Varðandi orkuskipti í samgöngum á landi þurfa opinberir aðilar að tryggja heimildir til að geta gert kröfu um nauðsynlega innviði m.a. í húsum og á lóðum fjölbýlishúsa, t.d. að lagt sé fyrir rafmagnshleðslustöðvum og gjaldtöku-búnaði í bílajakjöllurum og á bílastæðum fjölbýlishúsa.
4. Mörg tækifæri eru til *orkusparnaðar* – skilvirkrar orkunotkunar - sem ástæða er til að kynna og koma til framkvæmda, með meiri upplýsingagjöf, t.d. um eldsneytisnotkun farartækja, og hugsanlega með því að setja kröfur t.d. um orkunýtni.
5. Tekið er undir nauðsyn þess að koma á öflugum *samstarfi* allra aðila, þar á meðal orkufyrirtækja, til að markmið náist. Það þarf bæði skilning og virkan stuðning atvinnulífsins til að aðgerðaráætlunin geti gengið eftir. Í lið 5 um samstarf er hvergi minnst á samstarf við orkufyrirtæki. Landvirkjun lýsir sig reiðubúna til að koma að slíku samstarfi með öflugum hætti verði eftir því leitað.
6. Mikilvægt er að fylgjast með *rannsóknnum og þróun* á þessu sviði. Ljóst er að vegna smæðar og þeirrar staðreyndar að samgöngutæki eru ekki framleidd hér á landi, getur Ísland ekki haft mikil áhrif á þessu sviði. Kortleggja þarf nýjungar auk þess sem reyna þarf og kynna þær sem líklegar eru til að stuðla að orkuskiptum í samgöngum hér á landi. Gefist slíkar prófanir vel þarf að koma þeim til framkvæmda. Stjórnvöld og atvinnulíf þurfa að leiða slíka þróun.

Í lið C.1 kemur fram að gefa skuli út stefnu fyrir samgöngur á landi fyrir Stjórnarráðið og undirstofnanir. Æskilegt væri að gefa einnig út stefnu fyrir samgöngur á hafi og í lofti. Í eigu ríkisins eru bæði skip og flugvélar og því er mikilvægt að gefið sé gott fordæmi við rekstur þeirra og endurnýjun.

Vakin er athygli á að ábyrgð á einstökum aðgerðum í áætluninni er yfirleitt í höndum margra ráðuneyta og stofnana ríkisins. Til að tryggja skilvirkni er mikilvægt að þessir aðilar skipti með sér ábyrgð og að ljóst sé hver þeirra ber ábyrgð á hverju verkefni eða einstökum verkþáttum.

Lítið er fjallað um fræðslu í tillögunni. Æskilegt er að í framhaldi af samþykkt hennar verði skoðað með hvaða hætti má efla þekkingu og fræðslu bæði í skólum landsins og til almennings um áhrif loftslagsbreytinga og ábyrgð okkar á því að draga úr losun. Einnig má bæta fræðslu um þau úrræði sem stjórnvöld eru að beita til að ná tókum á losun gróðurhúsa-lofttegunda.

Landsvirkjun vill að lokum taka fram að í aðdraganda loftslagsþings Sameinuðu þjóðanna í París í desember 2015 skráði Landsvirkjun áform sín um hvað fyrirtækið ætlar að leggja af mörkum til að vinna gegn loftslagsbreytingum hjá NAZCA¹. Landsvirkjun skuldbatt sig m.a. til að:

¹ NAZCA stendur fyrir Non-State Actor Zone for Climate Action. Átakinu var hleypt af stokkunum á aðildarríkjahætti loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í lok ársins 2014 til að gefa fyrirtækjum, borgum, svæðum, þjóðfélagsamtökum og fjárfestum tækifæri til að skrá skuldbindingar sem þessir aðilar hafa ákveðið að



- Verða kolefnishlutlaust fyrirtæki eigi síðar en árið 2030. Gert er ráð fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda sem verður við starfsemina verði jöfnuð með bindingu í skógrækt, landgræðslu eða endurheimt votlendis.
- Sjá til þess að fjórðungur bílaflota fyrirtækisins verði knúinn með rafmagni árið 2020.
- Að taka þátt í orkusparnaðarátaki með opinberum aðilum.

Þessi áform Landsvirkjunar eru í samræmi við þá tillögu sem hér er til umfjöllunar.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri

taka á sig til að vinna gegn loftslagsbreytingum. Tilgangur með alþjóðlegri skráningu þessara aðila á markmiðum sínum er m.a. að hraða samstarfi til að bregðast við loftslagsvandanum.